

Har. *Birgir* Haraldsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3 1-3
850 Hella



Reykjavík 19. ágúst 2015
UST201506-131/H.G.G.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag hesthúsahverfis á Gaddstaðafötum, Rangárþingi ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa er barst 12. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulag hesthúsahverfis á Gaddstaðafötum í Rangárþingi ytra. Samkvæmt deiliskipulagstillögunni er fyrirhugað að reisa nýtt hesthúsasvæði austan við núverandi reiðhöll og keppnissvæði á Gaddstaðafötum sunnan Helli. Deiliskipulagið nær yfir núverandi reiðhús og hesthús auk nýs hesthúsahverfis austar á Gaddstaðafötum. Tillagan er í samræmi við Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022 þar sem skipulagssvæðið er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu.

Veitur og sorp

Umhverfisstofnun telur umfjöllun um veitur og sorp fullnægjandi.


Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun tekur undir að þess verði gætt að lóðafrágangur og önnur umgengni um náttúru svæðisins á og eftir framkvæmdatíma verði til fyrirmyndar.


Miðað við skipulagsuppdrátt eru mannvirki innan byggingareitsins í meira en 50 m fjarlægð frá Ytri Rangá. Uppdrátturinn er því í samræmi við skipulagsreglugerð nr. 90/2013 gr. 5.3.2.14 um skipulag við vötn, ár og sjó. Umhverfisstofnun bendir á að um byggingareitinn renna tveir lækir í Ytri Rangá og er gróður gróskumeiri meðfram bökkum þeirra en innan byggingareitsins annars. Reiðleið er fyrirhuguð meðfram eða yfir báða þessa læki og akvegur sömuleiðis. Umhverfisstofnun mælir með að þess sé gætt að lækjunum og nánasta umhverfi þeirra verði ekki raskað að óþörfu.

Náttúruminjar

Innan skipulagssvæðisins er ekki að finna náttúruminjar eða vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun gerir því ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Sigríður Kristjánsdóttir
Sviðsstjóri